

Norma Leah Nelson McCorvwy

Norma Leah Nelson McCorvwy (1947-2017), er víðkunn sem Jane Roe í málarekstri Roe gegn Wade fyrir hæstarétti Bandaríkja Norður-Ameríku (BNA) árið 1973. Þá kvað rétturinn upp þann úrskurð, að lög einstakra ríkja, er bönnuðu fóstureyðingar, væru ekki í samræmi við stjórnarskrá BNA. Norma var stefnandi í málinu.

Móðir hennar var ofbeldisfullur áfengissjúklingur. Faðir hennar, hvarf á brott frá heimilinu, þegar Norma var þrettán ára. Tíu ára komst hún í kast við lögin. Norma dvaldi á betrunarstofnun fyrir stúlkur öðru hverju fram að fimmtán ára aldri. Þetta tímabil sagði hún hamingjuríkast í æsku sinni. Hverju sinni, sem Norma var send heim til móður sinnar, fann hún uppá einhverjum óskunda, svo hún yrði send tilbaka. Eftir að Norma var útskrifuð, bjó hún hjá frænda móður sinnar, sem hún ásakaði um að nauðga sér á hverju kvöldi um þriggja vika skeið. Því andmælti frændinn.

Norma giftist sextán vetra. Ásakaði eiginkarlinn um barsmíðar og flutti heim til mömmu ólétt. Eftir fæðingu dótturinnar ánetjaðist Norma eiturfjögum og skilgreindi sig samkynhneigða. Það voru stöðugar óeirðir milli mæðgnanna, sem lyktaði með því, að móðir náði forræði dótturdótturinnar og rak dóttur sína á dyr. Norma varð ólétt að nýju. Barnið var sett í fóstur.

Ári síðar varð hún ólétt í þriðja sinn. Að höfðu samráði við vini sína ákærði hún nokkra þeldökka karlmenn um nauðgun í því skyni að fá fóstureyðingu. Þegar í ljós kom, að enginn vottur af sönnunargögnum var til staðar, viðurkenndi Norma uppspunann. Það var þá, sem hún komst í kynni við lögfræðinganna, Linda Nellene Coffee (f. 1942) og Sarah Ragle Weddington (f. 1945), sem einmitt voru á höttunum eftir konum í leit að fóstureyðingu. Þannig hófust málaferlin „Roe versus Wade.“

Norma eignaðist barnið og gaf í fóstur. Um það leyti stofnaði hún til sambands við samkynhneigða konu. Síðar á ævinni afneitaði hún samkynhneigðinni, enda þótt hún hefði búið með unnustunni í hálfan fjórða áratug. Árið 1983 sakaði hún karlmann um nauðgun. Fjórum árum síðar upplýsti hún um lygar sínar.

Gerð var sjónvarpsmynd um Norma með Holly Hunter í aðalhlutverki árið 1989. Á sama ári tók hinn kunní kvenfrelsunarlögfræðingur, Gloria Rachael Allred (1941), Normu undir verndarvæng sinn.

Það voru stöðugar sviptingar í lífi Normu. Árið 1994 gaf hún út endurminningar sínar. Ári síðar lét hún vígja sig til kristinnar trúar við mikið fjölmiðlafár. Þá vann hún á fóstureyðingastofu. Það gaf hún upp á bátinn og gerðist ákafur talsmaður fóstureyðingabanns og sagði sig hafa verið handbendi fóstureyðingasinna. Skörin færðist upp í bekkinn, þegar Norma reyndi árið 2004 að fá hæstarétt til að umsnúa úrskurði sínum. Því var vísað frá ári síðar. Árið 1998 lýsti Norma í annarri bók sinni, „Yfirbuguð af ást“ (Won by Love), hvernig trúarskipti hennar höfðu átt sér stað. En öll kurl virtust ekki komin til grafar. Líklega hefur Norma einnig þegið gjald fyrir að andmæla fóstureyðingum.

https://www.washingtonpost.com/national/norma-mccorvey-jane-roe-of-roe-v-wade-decision-legalizing-abortion-dies-at-69/2017/02/18/24b83108-396e-11e6-8f7c-d4c723a2becb_story.html

<https://www.britannica.com/biography/Norma-McCorvey>

https://en.wikipedia.org/wiki/Norma_McCorvey